

Þriðjudaginn 30. maí 1939.

Nr. 5/1939. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur**
 gegn

Elíasi Þorsteinssyni f. h. Útvegsbændafélags Keflavíkurhrepps.

Dómari nefndur af stefnda hrm. Pétur Magnússon í stað Kjartans Thors.

Ákvæði 3. gr. laga nr. 10 frá 4. apríl 1939 um gengisskráningu o. fl. talin ná til þeirra sjómanna í Keflavík, sem ráðnir voru upp á aflaverðlaun.

Dómur.

Hinn 4. janúar 1938 var gerður samningur milli Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og útgerðarmanna í Keflavíkurhreppi um kjör sjómanna og landmanna við báta í Keflavík og Njarðvíkum, og hefur samningur þessi verið í gildi síðan. Samkvæmt 1. gr. þessa samnings eru kjör sjómanna og landmanna þau, að þeim ber kr. 1.75 fyrir hvert skipfund af línufiski og kr. 1.55 af netjafiski. Í 2. gr. samningsins er svo ákveðið, að útgerðarmanni skuli skyllt að tryggja hverjum skipverja, sem fæðir sig sjálfur, kr. 125.00 á mánuði, sem greiðast hálfmánaðarlega, kr. 62.50 eftir á, og að tryggingarféð sé ekki afturkræft, þótt aflahlutur reynist við lokauppperð lægri en tryggingarupphæðinni nemur, og samkvæmt 3. gr. ber þeim mönnum, sem útgerðarmaður sér fyrir fæði og húsnæði, kr. 35.00 á mánuði í kauptryggingu. Þá er svo ákveðið í 9. gr. téðs samnings, að „verði gengisfall á islenzkri krónu frá því, sem nú er, miðað við sterlingsfund, hækkar premian í hlutfalli við það.“

Vegna ákvæða laga frá 4. apríl 1939, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi, hefur risið ágreiningur milli téðra aðilja um gildi 9. gr. framangreinds samnings.

Með stefnu, dags. 10. þ. m., höfðaði Alþýðusamband Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur svo mál þetta hér fyrir dómi, og gerði stefnandi þær réttarkröfur, að 9. gr. téðs samnings yrði dæmd í fullu gildi og að hina hækkuðu premiu bæri að miða við þann hluta aflans, sem óseldur var, þegar lög frá 4. apríl þ. á., um gengisskráningu

o. fl., komu í gildi, en til vara þann hluta aflans, sem óvigt-
aður var við gildistöku laganna. Þá krefst stefnandi máls-
kostnaðar af stefnda að skaðlausu, samkvæmt mati réttar-
ins. Loks krefst stefnandi, verði framangreindar kröfur hans
ekki teknar til greina, úrskurðar réttarins um það, hvaða
kjarabætur skipverjum þá beri í samanburði við þá, sem
taka hlut í afla.

Hins vegar gerir stefndi þær réttarkröfur, að ákveðið verði
með dómi réttarins, að 9. gr. í samningi aðilja sé úr gildi
fallin, og enn fremur krefst hann málskostnaðar af stefn-
anda eftir mati réttarins.

Dómkröfur sínar byggir stefnandi á því, að í framangreind-
um samningi sé miðað við hlutarráðningu sjómanna og land-
manna, en ekki fast kaup, og haldi því 9. gr. samningsins
gildi sínu, þar sem ákvæði 3. gr. gengisskráningarlaganna,
sem bannar kauphækkun, enda þótt að í samningum séu
ákvæði um kaupgjaldsbreytingar vegna hækkunar eða lækk-
unar á framfærslukostnaði eða gengi, taki ekki til þeirra
manna, sem ráðnir eru upp á hlut úr afla.

Samkvæmt 1. gr. samningsins frá 4. janúar 1938 ber skip-
verjum ákveðin aflaverðlaun (premia) fyrir hvert skippund,
sem aflast á skipið, auk þess sem þeim er tryggt ákveðið
lágmarkskaup á mánuði. Skipverjarnir eignast ekki hlut af
afla skipsins og hafa engan ráðstöfunarrétt yfir honum,
enn fremur hafa þeir enga áhættu af breytingum, sem
kynnu að verða á verði fisksins. Samkvæmt þessu verður
ekki talið, að um hlutarráðningu sé að ræða í samningnum.

Í 2. mgr. 4. gr. gengisskráningarlaganna er hlutarmön-
num, ef þeir hafa gert samning um sölu á hlut sínum fyrir
ákveðið verð í íslenskum krónum, heimilað innan hálfis mán-
aðar frá gildistöku laganna að ákveða um þann fisk, er þeir
hafa eigi látið af hendi, þegar lögin ganga í gildi, að hann
skuli, í stað hins samningsbundna verðs, greiddur með því
verði, er fyrir hann fæst fob, að frádregnum þeim verkunar-
kostnaði og öðrum kostnaði, er á hann fellur frá því að
hlutarmaður afhendir hann. Jafnvel þó svo mætti líta á,
að sjómenn og landmenn, sem eingöngu eru ráðnir upp á
aflaverðlaun og fast kaup, eins og gert er í 1. og 2. gr.
oftnefnds samnings, kynnu að geta talizt hlutarmenn, þá
verður ekki séð, að þeir gætu nolffært sér rétt þann, sem hér

um ræðir, nema þá að gerast hlutarmenn samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laganna, en önnur hlunnindi en þessi eru hlutarmönnum ekki veitt í lögnum.

Samkvæmt þessu verður ekki talið, að þeir sjómenn og landmenn, sem ráðnir eru með þeim kjörum, sem um getur í 1. og 2. gr. samningsins, verði taldir hlutarmenn, heldur séu þeir ráðnir upp á kaup.

Nú er svo ákveðið í 3. gr. gengisskráningarlaganna, að kaup það, sem greitt er við gildistöku þeirra, skuli óbreytt standa til 1. apríl 1940, og gildi þetta jafnt, þó að í samningum séu ákvæði um kaupgjaldsbreytingar vegna hækkunar eða lækkunar á gengi. Samningur sá, sem um ræðir í máli þessu, fellur samkvæmt framansögðu undir ákvæði nefndrar lagagreinar, og verða því úrslit máls þessa þau, að krafa stefnanda, um að 9. gr. oftnefnds samnings sé nú dæmd í gildi, verður ekki tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndi, Elías Þorsteinsson f. h. Útvegsbændafélags Keflavíkurhrepps, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Sératkvæði

Sverris Þorbjörnssonar og Sigurjóns Á. Ólafssonar.

Stefnandi, Alþýðusamband Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur, hefur gert þá réttarkröfu, að 9. gr. hins umdeilda samnings verði dæmd í fullu gildi og að hina hækkuðu premíu beri að miða við þann hluta aflans, sem óseldur er, þegar gengisskráningarlögín komu í gildi, en til vara þann hluta aflans, sem óvigtaður var, þegar lögín gengu í gildi, enn fremur krefst hann málskostnaðar.

Stefndi, Elías Þorsteinsson f. h. Útvegsbændafélags Keflavíkurhrepps, gerir þá réttarkröfu, að 9. gr. samningsins verði dæmd úr gildi fallin. Enn fremur krefst hann málskostnaðar eftir mati dómsins.

Stefndi byggir kröfu sína á 3. gr. laga um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi og telur, að ákvæði laganna um kaupgjaldsbreytingar vegna hækkunar eða lækkunar á framfærslukostnaði eða gengi sé fortakslauss, og sé því 9. gr. umdeilds samnings úr gildi fallin.

Kjör fiskimanna eru aðallega með tvennu móti, þ. e. fast kaup miðað við veiðitíma, eða hlutaskipti, og miðast ákvæði 3. gr. við kaupgreiðslu en ekki hlutaskipti, enda sérákvæði í 4. gr. nefndra laga um hlutaskipti. Kemur þá til athugunar til hvorrar tegundar kjara ákvæði umdeilds samnings teljast.

Fyrirsögn samningsins er: Samningur milli Verkalýðs- og Sjómannafélags Keflavíkur og útgerðarmanna í Keflavíkurhreppi um kjör sjó- og landmanna við báta í Keflavík og Njarðvíkum.

1. gr. samningsins gerir ráð fyrir því, að fyrir hvert skippund, sem veitt sé, verði greiddar kr. 1.75 fyrir linufisk en kr. 1.55 fyrir netafisk.

Í 10. gr. samningsins segir: Komi útgerðarmaður og skipverji sér saman um hlutaskipti eða kaup ... Enn fremur er upplýst í meðferð málsins, að fyrirspurn um atriði þessu viðvikjandi var lögð fyrir 1. flutningsmann frumvarps til laga um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi, þar sem spurt var um, hvort skilja bæri frumvarpið svo, að allir, sem eru ráðnir upp á hlut, þannig að þeir fá ákveðna krónutölu fyrir hvert skippund eða smálest, eigi að njóta sama hagnaðar af gengislækkuninni og þeir, sem taka hlutinn sjálfir.

Flutningsmaður svaraði: Ég lit svo á, að þessir samningar hljóti að standa óhaggaðir, þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. gr. þessa frumvarps.

Að því athuguðu, að 1. samningurinn er um *kjör*, 2. að 10. gr. samningsins gerir ráð fyrir því, að skipverjar geti samið um kaup og 3. að ummæli aðalflutningsmanns frumv. til laga um gengisskráningu benda ótvírátt í þá átt, verður að álitast, að ekki sé hér um kaup að ræða í þeirri merkingu, sem í það orð er lagt í 3. gr. umræddra laga.

Á hinn bóginn er hér ekki heldur um venjuleg hlutaskipti að ræða, heldur um sérstakt kjarafyrirkomulag, sem, þar sem það er miðað við aflamagn, verður að teljast jafngilda hlutaskiptum.

Því ber að líta svo á, að 9. gr. umdeilds samnings standi óhöggud, þrátt fyrir 3. gr. laga um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi, og ber því að taka þá kröfu stefnanda, að stefnda beri að greiða hækkud aflaverðlaun, sem nemi gengisfalli íslenzku krónunnar, til greina.

Í 1. gr. umdeilds samnings er ákveðið, að fiskinn skuli vigta 14 daga staðinn, og skuli allir skipverjar vinna að vigtuninni. Það verður að álitast, að við vigtun fisksins sé hann endanlega kominn úr umsjá fiskimanna og á hendur útgerðarmanni, og ber því að líta svo á, að hækkud aflaverðlaun skuli aðeins greidd af þeim hluta aflans, sem óvigtaður var, þegar umrædd lög gengu í gildi.

Verður því hvað þetta atriði snertir að hafna aðalkröfu stefnanda, en taka til greina varakröfu hans.